Fjölbrautaskóli Suðurnesja

# Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

## STÝR3RD05

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | Garðar Þór Garðarsson - gardar.gardarsson@fss.is |  |
| **Viðtalstími** | Föstudögum kl: 9.20-10.00 | |
| **Námsefni** | Efni frá kennara rafbok.is | |
| **Áfangalýsing** | Í áfanganum kynnast nemendur skynjaratækni og ýmsum gerðum skynjara, svo sem spanskynjara, rýmdarskynjara, þrýstiskynjara, hitaskynjara og hæðarskynjara. Þeir kynnast nokkrum gerðum af iðntölvum og notkun þeirra í iðnstýringum sem og tengingu þeirra við ýmsan jaðarbúnað, svo sem skjámyndakerfi. Megináherslan er lögð á að nemendur læri að skilja virkni og uppbyggingu iðntölva og fái undirstöðuþjálfun í forritun og notkun forritunartækja og forritunarhugbúnaðar fyrir smærri iðntölvur. Þá er lögð áhersla á að þeir læri gerð flæðimynda fyrir stýringar, fái æfingu í gerð teikninga af iðntölvum og tengimynda fyrir þær sem og þann búnað sem þeim tengist. Auk þessa fer fram verkefnavinna og verklegar æfingar þar sem nemendur brjóta viðfangsefni áfangans til mergjar, tengja, prófa, mæla og taka saman niðurstöður. Lögð er áhersla á notkun mælitækja til að finna tengivillur og bilanir. | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Til að fá að taka lokapróf er ætlast til að öllum verkefnum verði skilað á réttum tíma. Það þarf að fá að lámarki 4,5 í lokaprófi til að annar einkunn verði metinn.<br>**Símatsáfangi** ☐ **Lokapróf** ☒ **Sleppikerfi** ☐ | |

| **Heiti** | **Vægi** |
|---|---|
| Tíma/heimaverkefni | 20% |
| Hlutapróf | 30% |
| Lokapróf | 50% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Nauðsynlegt er að mæta og vinna vel í öllum tímum til að verkefnin klárist. |

| | |
|---|---|
| **Grunnþættir menntunar** | Í þessum áfanga er unnið markvisst að því að efla faglæsi nemenda á táknkerfi, teikningar og tæknilegar upplýsingar. Lögð er rík áhersla á sköpun og lausnamiðaða hugsun þar sem nemendur hagnýta þekkingu sína í raunhæfum verkefnum. Sjálfbærni og fagleg vinnubrögð eru fléttuð inn í námið með áherslu á skynsamlega nýtingu efnis og varanlegar lausnir. Öryggi er ætíð í forgrunni til að tryggja heilbrigði og velferð í vinnuumhverfinu. Lýðræði og mannréttindi birtast í því að ríkt samráð er haft við nemendur; þeim er tryggt rými til að veita ábendingar, eiga uppbyggilegt samtal við kennara um tímasetningar á verkefnum og prófum. Loks er jafnrétti lagt til grundvallar í öllu starfi, þar sem öllum eru tryggð jöfn tækifæri til að dafna og eflast sem fagaðilar í hvetjandi námsumhverfi. |

| **Þekking** | **Leikni** |
|---|---|
| Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• Skynjaratækni með áherslu á virkni rýmdar-, span-, hita-, hæðar- og þrýstiskynjara.<br>• Helstu gerðum iðntölva, notkun þeirra í iðnstýringum og tengingu þeirra við ýmsan jaðarbúnað, svo seskjámyndahugbúnað<br>• Uppbyggingu og virkni á litlum iðntölvum.<br>• Gerð flæðimynda fyrir stýringar.<br>• IEC 1131-staðlinum sem gildir fyrir forritun á iðntölvum.<br>• Forritunartækjum og forritunarhugbúnað fyrir iðntölvur. Helstu grunnskipunum í ladder-forritun. | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• Nota spennugjafa, grunneiningar, stafrænar inn- og útgangseiningar.<br>• Umrita segulliðastýringar yfir í ladder-forrit.<br>• Teikna tengimyndir af iðntölvum og þeim búnaði sem tengist þeim, t.d rofum og segulliðum, inn- og útgöngum. |

| **Hæfni** |
|---|
| Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• Framkvæma bilanaleit í segulliðastýringum og iðntölvustýringum.<br>• Tengja iðntölvur og búnað sem tengist þeim á inn- og útgöngum. Tengja stýri- og kraftrásir skammhlaups-mótora. |

| **Vinnuáætlun - Dæmi með lokaprófi** | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| **Heimavinna** | 16 vikur x 2 klst. | 32 klst. |
| **Undirbúningur f. hlutapróf** | 3 x 2 klst. | 6 klst. |
| **Undirbúningur f. lokapróf** | 12 klst. | 12 klst. |
| **Lokapróf** | 2 klst. | 2 klst. |
| **Alls** | | **116 klst. = 5 ein*** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>19.-21. ágúst | Kynning á áfanganum og stýrivélum.<br>Laddermyndir.<br>Verkefni 3,4,4b,5,6 og 7 | |
| **2. vika**<br>24.-28. ágúst | Tengimyndir.<br>Verkefni 8,9,11,12 og 13 | Verkefni 3,4,4b,5,6 og 7 |
| **3. vika**<br>31. ágúst-4. september | Flæðirit<br>Verkefni 14,15 og 16 | Verkefni 8,9,11,12 og 13 |
| **4. vika**<br>7.-11. september | Innviðir stýrivéla EASY forritun í tölvu.<br>Verkefni 1,2 og 4 | Verkefni 14.15 og 16<br>Hlutapróf 1 |
| **5. vika**<br>14.-18. september | Verkefni 3 | Verkefni 1,2 og 4 |
| **6. vika**<br>21.-25. september | Verkefni 3 | Verkefni 3 |
| **7. vika**<br>28. september-2. október | Verkefni 5<br>Tenging á verkefni 5 | Verkefni 5 |
| **8. vika**<br>5.-9. október | Verkefni 6 | Verkefni 6<br>Hlutapróf 2 |
| **9. vika**<br>12.-16. október<br>*Námsmatsdagur 12. okt.*<br>*Miðannarmat 13. okt.* | Verkefni 7<br>Tenging á verkefni 7 | Verkefni 7 |
| **10. vika**<br>19.-23. október<br>*Vetrarleyfi 23. október* | Verkefni 8 | Verkefni 8 |
| **11. vika**<br>26.-30. Október<br>*Vetrarleyfi 26. október* | Verkefni 9 | Verkefni 9 |
| **12. vika**<br>2.-6. nóvember | Verkefni 10<br>Tenging á verkefni 10 | Verkefni 10 |
| **13. vika**<br>9.-13. nóvember | Kynning á logovélum og forritun á þær<br>Logo verkefni | Verkefni |
| **14. vika**<br>16.-20. nóvember | Logo verkefni | Verkefni<br>Hlutapróf 3 |
| **15. vika**<br>23.-27. nóvember<br>*Dimissio 27. nóvember* | Logo verkefni | Verkefni |
| **16. vika**<br>*30. nóvember-4. desember* | Frágangur og tiltekt | |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Garðar Þór Garðarsson.*